



Velferðarráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 1.2.2024 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins Seljahlíð - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi Seljahlíðar, heimili aldraðra, og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55.

Samþykkt.

Vísað til kynningar hjá velferðarráði.

Anna Sigrún Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að fresta eigi uppsögn og þar með verklokum um 12 mánuði. Flokkur fólksins mótmælti því á sínum tíma að rekstur 20 hjúkrunarrýma í Seljahlíð yrði lagður niður á meðan ekki liggur fyrir nánari útfærsla. Nú þegar eru alltof fá hjúkrunarheimili. Á meðan ekki er tryggt að jafnmörg ef ekki fleiri hjúkrunarrými komi í staðinn þá fannst fulltrúa Flokks fólksins ekki hægt að styðja þessa tillögu um uppsögn.

Bjarni Þóroddsson

e.u.

Hjálagt: Tillaga borgarstjóra

Samrit: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara